

**Kjarasamningur
milli
Samtaka atvinnulífsins
og
Félags skipstjórnarmanna
um kaup og kjör skipstjórnarmanna á kaupskipum**

1. INNGANGUR

- 1.1 Kjarasamningur þessi milli Félags skipstjórnarmanna (FS) annars vegar og Samtaka atvinnulífsins (SA) hins vegar kveður á um laun og önnur starfskjör skipstjórnarmanna sem starfa á farþegaskipum og flutningaskipum yfir 500 brt. sem eru í strandferðum eða millilandasiglingum.

Samningur þessi gildir ekki fyrir skipstjórnarmenn á farþegaskipum í siglingum innanlands.

- 1.2 Kjarasamningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. desember 2007 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. RÁÐNING, VINNA, UPPSÖGN

2.1 Ráðningarsamningur

- 2.1.1 Skipstjórnarmenn eru ráðnir til útgerðar. Gera skal skriflegan ráðningarsamning skv. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 í tvíriti þar sem hvor aðili heldur sínu eintaki. Í ráðningarsamningnum skal meðal annars koma fram:

1. Fullt nafn beggja samningsaðila, kennitala og heimilisfang.
2. Starf sem ráðið er í.
3. Nafn og símanúmer nánasta aðstandanda eða ættingja.
4. Starfssvið, vinnutími og umsamið kaup.
5. Önnur kjör og hlunnindi.

- 2.1.2 Þegar stýrimaður hefur starfað samfellt í níu mánuði hjá útgerðinni skoðast hann fastur starfsmaður hennar. Með orðinu “samfellt” er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem stýrimaður heldur einnig greiðsluskyld veikinda- eða slysaforföll á tímabilinu og eðlileg frí.

2.2 Réttindi

- 2.2.1 Félagar í Félagi skipstjórnarmanna, sem hafa til þess tilskilin réttindi, ganga fyrir um stöður skipstjóra og stýrimanna á þeim skipum útgerða sem getið er í gr. 1.1 og gagnkvæmt.

- 2.2.2 Fjöldi stýrimanna ræðst af öryggismönnunarskírteini skipsins.

- 2.2.3 Stöðuheiti skipstjórnarmanna eru; skipstjóri, yfirstýrimaður, 2. stýrimaður og 3. stýrimaður.

2.3 Vinna

- 2.3.1 Vinnuskylda skipstjórnarmanna er einkanlega eins og skilgreint er í 49. til 52. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og skriflegum ráðningarsamningi.
- 2.3.2 Verkaskipting skipstjórnarmanna er þannig að þegar sjóvökur eru staðnar skulu vaktir vera tvískiptar á skipum með einum eða tveim stýrimönnum, en þrískiptar á skipum með þrjá stýrimenn, nema þegar skipstjóri telur nauðsyn bera til að víkja frá þessari reglu vegna öryggis skips. Skipstjóri og stýrimaður ganga vaktir að jöfnu þegar einn stýrimaður er á skipi hvort sem sjóvökur eða hafnarvaktir eru staðnar.
- 2.3.3 Í heimahöfn, þegar skip er bundið við bryggju, skipta stýrimenn vinnuskyldu milli sín í samráði við útgerð, einn í senn, í allt að sólaring hverju sinni. Á skipum með einn stýrimann skipta skipstjóri og stýrimaður verkum með sama hætti.
- 2.3.4 Sjóvökur skulu settar þegar skip lætur úr heimahöfn, nema um sé að ræða færslu í eða milli heimahafna.
- 2.3.5 Skipstjóri ákveður hvort og hvenær sjóvökum er slitið utan heimahafnar.
- 2.3.6 Ef verkfall eða verkban er við innlenda höfn er enginn af stýrimönnum skyldur að vinna þau verk sem aðrir hafa hætt vegna vinnustöðvunar.
- 2.3.7 Óheimilt er að láta stýrimann standa siglingavakt ef samfelldur vinnutími hans í lok sjóvöku fer yfir 16 tíma án þess a.m.k 4. klst. hvíld hafi komið til áður. Stýrimenn sem standa vaktir skulu hafa hæfilegan tíma til hvíldar og svefns. Hvíldartími skal vera minnst 10 klst. á hverju 24. klst. tímabili. Hvíldartímanum má skipta í mest tvö tímabil og skal annað þeirra vera a.m.k. 6 klst. Ekki er skylt að hlíta framangreindum kröfum um hvíldartíma í neyðartilfellum eða þegar æfingar standa yfir eða í öðrum undantekningartilfellum. Þrátt fyrir framangreind ákvæði er heimilt að stytta 10 klst. lágmarkstímabilið niður í a.m.k. 6 klst samfleytt svo fremi sem slík stytting nái ekki til fleiri en tveggja daga og menn fái a.m.k. 70 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili.
- 2.3.8 Skipstjórnarmaður í siglingum utan Íslands á rétt á fríum ferðum til Íslands allt að tvisvar á ári enda hafi hann ekki komið til Íslands í 120 daga eða lengur.

2.4 Bakvaktir stýrimanna

- 2.4.1 Skipstjóri ákveður hvenær bakvaktir eru staðnar og hvenær ekki svo sem í flokkunarviðgerð, þurrkví eða við aðrar þær aðstæður að ekki sé talin þörf á bakvakt t.d. þegar ekki er unnið við losun eða lestun.

2.4.2 Skipta skal bakvöktum sem jafnast á milli manna.

2.5 Uppsögn úr starfi og/eða starfslok

2.5.1 Sé skipstjóra vikið úr starfi áður en ráðningartími er úti og án þess að heimild sé til þess skv. 47. gr. sjómannalaga er uppsagnarfrestur skv. 9 gr.

2.5.2 Ef skipstjórnarmanni er sagt upp eftir a.m.k. 10 ára samfelldt starf hjá sömu útgerð er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef hann er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Þeir geta hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

3. FASTLAUNAKERFI

3.1 Laun skipstjórnarmanna byggja á fastlaunakerfi sem eru persónubundin heildarlaun. Árslaun eru reiknuð skv. gr. 3.2. Til jöfnunar á launagreiðslu yfir árið er deilt með 12 í árslaun til ákvörðunar á greiddum launum á mánuði.

3.2 Við útreikning á árslaunum skal margfalda laun fyrir sigldan mánuð (30 dagar á sjó) með 7,5 (225 dagar) miðað við 24 orlofsdaga, 7,4 (222 dagar) miðað við 27 orlofsdaga og 7,3 (219 dagar) miðað við 30 orlofsdaga, sbr. neðangreinda töflu.

Virkir dagar	260	260	260
Orlof	-24	-27	-30
Tyllidagar	-11	-11	-11
Vinnuár	225	222	219
Sigldir mánuðir	7,5	7,4	7,3

3.3 Lágmarkslaun skipstjórnarmanna eru samsett og reiknuð samkvæmt reikniflokkum í viðauka 1 við kjarasamninginn.

3.4 Skil vinnuárs einskorðast ekki við störf á sjó heldur geta skipstjórnarmenn skilað allt að 14 dögum af vinnuári sínu í landi hjá útgerð eftir nánara samkomulagi miðað við aðstæður og þarfir hverju sinni. Hver vinnudagur á sjó samsvarar 1,5 vinnudögum í landi.

3.5 Skipstjórnarmönnum er heimilt að semja um skemmra vinnuár en tilgreint er í grein 3.2, t.d. 196 daga á ári hjá þeim sem hafa 13,04% orlofsrétt, 199 daga hjá þeim sem hafa 11,59% orlof og 202 daga hjá þeim sem hafa 10,17% orlof. Sé samið um vinnuár sem er skemmra eða lengra en skv. gr. 3.2 breytast fastlaun hlutfallslega.

3.6 Vinnuskil skv. gr. 3.2 eða gr. 3.5 skulu gerð upp árlega. Umframdagar eða dagar sem upp á vantar gerast upp um áramót nema samkomulag verði um að flytja þá á milli ára. Öll frávik frá umsömdu vinnuári til fjölgunar eða fækkunar vinnudaga reiknast hlutfallslega miðað við umsamin árslaun.

Dæmi 1: Skipstjórnarmaður semur um 200 daga siglingu skv. gr. 3.5 en skilar 210 dögum á árinu. Árslaun skv. ráðningarsamningi breytast og verða:
 $210/200 \times (\text{árslaun skv. ráðningarsamningi}).$

Dæmi 2: Skipstjórnarmaður semur um 200 daga siglingu skv. gr. 3.5 en skilar 190 dögum á árinu. Árslaun skv. ráðningarsamningi breytast og verða: $190/200 \times (\text{árslaun skv. ráðningarsamningi})$.

4. LAUN, ÁLAG OG TILLEGG

4.1 Laun

Laun hækka sem hér segir:

Frá undirskrift	3,25%
1. janúar 2005	3,00%
1. janúar 2006	2,50%
1. janúar 2007	2,25%

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

4.2 Mánaðarlaun skipstjóra

Mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi skipstjóra fara eftir eftirfarandi flokkum skipa:

- A. flokkur: Skip með 2-3 stýrimenn.
- B. flokkur: Skip með 1 stýrimann þar sem skipstjóri stendur 12 klst sjóvakt.
- C. flokkur: Skip með 2 stýrimenn þar sem skipstjóri stendur 4 klst sjóvakt.

4.2.1 Mánaðarlaun skipstjóra í A flokki skv. fastlaunasamningi eru:

Tímabil	Byrjunarlaun	Eftir 2 ár
Frá undirritun samnings	306.365	317.088
Frá 1. janúar 2005	315.556	326.600
Frá 1. janúar 2006	323.445	334.765
Frá 1. janúar 2007	330.722	342.298

4.2.2 Mánaðarlaun skipstjóra í B flokki skv. fastlaunasamningi eru:

Tímabil	Byrjunarlaun	Eftir 2 ár
Frá undirritun samnings	382.753	396.149
Frá 1. janúar 2005	394.235	408.034
Frá 1. janúar 2006	404.091	418.234
Frá 1. janúar 2007	413.183	427.645

4.2.3 Mánaðarlaun skipstjóra í C flokki skv. fastlaunasamningi eru:

Tímabil	Byrjunarlaun	Eftir 2 ár
Frá undirritun samnings	331.653	343.261
Frá 1. janúar 2005	341.603	353.559
Frá 1. janúar 2006	350.143	362.398
Frá 1. janúar 2007	358.021	370.552

- 4.2.4 Á strandferðaskipum, farþegaskipum og olíuskipum greiðist 5% álag á mánaðarlaun. Ofangreind þóknun fellur niður ef skipi er lagt upp eða önnur slík úrföll verða lengur en 10 daga.

4.3 Mánaðarlaun stýrimanna

Mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi stýrimanna á mánuði eru skv. eftirfarandi flokkun:

- A. Flokkur: Yfirstýrimaður
B. Flokkur: 2. og 3. stýrimaður

- 4.3.1 Mánaðarlaun yfirstýrimanns skv. fastlaunasamningi eru:

Tímabil	10,17 % orlof	11,59 % orlof	13,04 % orlof
Frá undirritun samnings	285.785	289.627	293.500
Frá 1. janúar 2005	294.359	298.315	302.305
Frá 1. janúar 2006	301.718	305.773	309.862
Frá 1. janúar 2007	308.506	312.653	316.834

- 4.3.2 Mánaðarlaun 2. og 3. stýrimanns skv. fastlaunasamningi eru:

Tímabil	10,17 % orlof	11,59 % orlof	13,04 % orlof
Frá undirritun samnings	254.832	258.275	261.741
Frá 1. janúar 2005	262.477	266.023	269.593
Frá 1. janúar 2006	269.039	272.674	276.333
Frá 1. janúar 2007	275.093	278.809	282.550

- 4.3.3 Á olíuskipum greiðist 5% álag á mánaðarlaun. Ofangreind þóknun fellur niður ef skipi er lagt upp eða önnur slík úrföll verða lengur en 10 daga.

4.4 Álag, tillegg og uppbætur

- 4.4.1 Skipstjórnarmenn sem hafa áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sömu útgerð næstliðið orlofsár og eru í starfi í maí skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum. Láti skipstjórnarmenn af störfum á orlofsárinu vegna aldurs skulu þeir fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma. Sama gildir þótt þeir séu frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu útgerðar lýkur. Orlofsuppbót er sem hér segir:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004 kr. 21.100,-
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005 kr. 21.800,-
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 kr. 22.400,-
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007 kr. 23.000,-

- 4.4.2 Skipstjórnarmenn sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sömu útgerð og eru við störf hjá útgerðinni í desember skulu með desemberlaunum fá greidda sérstaka eingreiðslu, desemberuppbót. Þeir sem eru í hlutastarfi eða hafa unnið hluta af árinu en eru við störf í desember fá hlutfallslega greiðslu. Desemberuppbót er föst krónutala sem greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.

Skipstjórnarmenn sem láta af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á árinu hjá sömu útgerð skulu við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur. Desemberuppbót er sem hér segir:

Á árinu 2004 kr. 38.500,-
Á árinu 2005 kr. 39.700,-
Á árinu 2006 kr. 40.700,-
Á árinu 2007 kr. 41.800,-

4.5 Persónubundin laun

- 4.5.1 Þegar samið er um persónubundin laun verði tekið tillit til starfssviðs, árangurs, hæfni, starfsskipulags, vinnuálags og ábyrgðar í starfi og annarra sérgreindra þátta.
- 4.5.2 Við flutning skipstjórnarmanns frá einni stöðu til annarrar, á milli skipa eða verulegra breytinga á vinnuumhverfi skulu persónubundin laun endurskoðuð m.a. með tilliti til breytinga á starfssviði, vinnuálagi og ábyrgð.
- 4.5.3 Persónubundni samningurinn er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

4.6 Starfsmannasamtöl

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu útgerðarmaður og skipstjóri fjalla um frammistöðu viðkomandi á liðnu ári og setja markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því ræðir skipstjórinn við hvern og einn skipverja um frammistöðu hans á liðnu ári og markmiðssetningu fyrir næsta ár. Í starfsmannasamtölum á ekki að fjalla um laun.

5. ORLOF

- 5.1 Skipstjóri hefur rétt til 30 virkra daga orlofs (mánudaga til föstudaga) á ári sem samsvarar 13,04% af launum.
- 5.2 Stýrimanni ber orlof og orlofsgreiðslur í orlofi er miðast við samanlagðan starfstíma hjá útgerð á eftirfarandi hátt:
- a) Eftir 1 ár í starfi hjá útgerð, 24 virkir dagar, þ.e. 10,17% af launum.
 - b) Eftir 5 ár í starfi hjá útgerð, 27 virkir dagar, þ.e. 11,59% af launum.
 - c) Eftir 10 ár í starfi hjá útgerð, 30 virkir dagar, þ.e. 13,04% af launum.

- 5.3 Hafi stýrimaður verið í þjónustu útgerðar skemur en eitt ár verður orlofslengd í hlutfalli við starfstíma hans. Orlofsgreiðslur eru 10,17% af launum.
- 5.4 Orlofsárið er almanaksárið.
- 5.5 Orlof telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 30. september. Þegar skipstjórnarmaður fer í frí á tilgreindu tímabili teljast fyrstu almanaksdagar til jafnlengdar orlofsdagarétti til orlofs.
- 5.6 Veikist skipstjórnarmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef skipstjórnarmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaður tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

5.7 Fæðingarorlof

- 5.7.1 Eftir 2 ára starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikningi desemberuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurs-hækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.
- 5.7.2 Fæðingarorlof allt að 6 mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofs-réttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

6. FÆÐI, FATNAÐUR, RISNA, ÚTTEKTIR OG HOLLUSTUHÆTTIR

6.1 Fæði

- 6.1.1 Yfirmenn hafa frítt fæði um borð í skipi sínu og skal það vera hollt, gott og hreinlega framreitt.
- 6.1.2 Séu stýrimenn skyldaðir til að vera um borð að næturlagi í heimahöfn, skal setja mat í kælikáp. Einnig eiga þeir að hafa aðstöðu til að laga sér kaffi og te.

6.2 Fatnaður

- 6.2.1 Útgerðir leggja skipstjórnarmönnum til einkennisföt árlega og einkennisfrakka annað hvert ár. Þriðja hvert ár dökk einkennisföt en hin árin khaki einkennisföt sem verða einn jakki eða blússa, þrennar buxur og þrjár skyrtur.
- 6.2.2 Geri útgerðin ekki kröfu til einkennisfata skulu yfirmennirnir fá greidda fatapeninga tvisvar á ári, kr 18.200, í desember og júní ár hvert. Upphæðin endurskoðast tvisvar á ári í júní og desember af tveimur fulltrúum, öðrum tilnefndum af SA og hinum af FS. Við endurskoðunina skal höfð hliðsjón af breytingum á verði einkennisfatnaðar skv. gr. 6.2.1.
- 6.2.3 Yfirmönnum er heimilt að taka út vinnufatnað svo sem samfestinga, kuldagalla og öryggisskó. Skal það gert í samráði við útgerðina og lækkar þá upphæð fatapeninga samkvæmt gr. 6.2.2 sem því nemur.
- 6.2.4 Vinnufatnaður er eign útgerðar. Láti yfirmaður af störfum hjá útgerðinni innan árs frá því hann fékk vinnufatnað afhentan skal honum skilað til útgerðar.
- 6.2.5 Afleysingarmenn fá khaki-einkennisfatnað eða hlutfallslega greiðslu þegar þeir hafa leyst af samtals þrjá mánuði.

6.3 Risna

- 6.3.1 Skipstjóri fær risnu eftir samkomulagi við útgerð.
- 6.3.2 Yfirstýrimaður hefur heimild til að taka út hjá bryta skipsins til risnu gagnvart viðskiptamönnum félagsins skv. reglum útgerðar (hjá Eimskip kr. 140,- á hvern skráningardag og taki hækkunum skv. gjaldskrá Eimskips).
- 6.3.3 Verð tollvöruúttektar stýrimanna hjá bryta eða skipstjóra skal vera með hámarksálaginu, sem nemur 10% af innkaupsverði.

6.4 Aðbúnaður og hollustuhættir

- 6.4.1 Íbúðum skal haldið í góðri umhirðu.
- 6.4.2 Skipstjórnarmenn annist þrif á íbúð sinni.
- 6.4.3 Útgerðin leggur til rúmfatnað og handklæði og sér um þvott á því.

7. FERÐALÖG OG DAGPENINGAR

- 7.1 Þegar skipstjórnarmaður er sendur til eða frá skipi innanlands eða erlendis skulu slík ferðalög vera honum að kostnaðarlausu.
- 7.2 Fari fastráðinn stýrimaður í orlof í hérlandri höfn utan Reykjavíkur greiðir útgerðin fargjald hans með áætlunarferð til Reykjavíkur frá skipinu. Faratækið

skal valið í samráði við útgerðina og greiðist slíkt fargjald aðeins einu sinni á ári fyrir orlofshafann.

- 7.3 Við þjálfunar og eftirlitsstörf erlendis greiðast dagpeningar samkvæmt viðmiðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 7.4 Af dagpeningum í ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld s.s. kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallarskatta o.s.frv.

8. LÍFEYRISSJÓÐIR

- 8.1 Lífeyrissjóðsaðild og lífeyrisréttindi fara skv. lögum.
- 8.2 Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.
- 8.3 Mótframlag útgerðar í séreignasjóð nemur 2% á móti 2% framlagi skipstjórnarmanns.

9. SJÓÐIR

9.1 Greiðslur í sjóði

- 9.1.1 Útgerðir greiða í styrktar- og sjúkrasjóð Félags skipstjórnarmanna 0,3% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til. Gjaldið greiðist mánaðarlega.
- 9.1.2 Í orlofsheimilasjóð Félags skipstjórnarmanna greiða útgerðir 0,25% af öllum launum þeirra sem samningur þessi tekur til. Gjaldið greiðist mánaðarlega.

9.2 Skil á félagsgjöldum

Útgerðir taka að sér að halda eftir af launum skipstjórnarmanna félagsgjaldi þeirra til Félags skipstjórnarmanna ef þess er óskað af hálfu félagsins en það ber ábyrgð á að gjöldin séu rétt krafín.

10. VEIKINDA- OG SLYSALAUN

10.1 Fastráðinn skipstjórnarmaður

Skipstjórnarmaður á fastlaunakerfi, sem verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slysa á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðan-

greindum ákvæðum. Neðangreindur réttur til fastra umsamdra mánaðarlauna skv. gr. 3.1 samningsins er heildarlaunaréttur sem komi í stað launaréttar skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Veikindi í frítíma teljast ekki til siglingartíma.

Fyrsta árið, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 2 mánuði.

Eftir 1 árs starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 3 mánuði.

Eftir 3 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 4 mánuði.

Eftir 5 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 6 mánuði.

Eftir 10 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 10 mánuði.

Eftir 15 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 12 mánuði.

11. TRYGGINGAR OG EIGNAMISSIR

11.1 Slysatryggingar

11.1.1 Útgerðin skal tryggja hvern þann mann, sem samningur þessi tekur til í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.

11.1.2 Bætur úr váttryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

11.1.3 Trygging gegn slysadauða og/eða varanlegri slysaörorku, gildir meðan skipstjórnamaður er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá útgerðinni vegna slyss eða veikinda, enda þótt afskráður sé vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn skipstjórnamann á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna samningsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa, sem skipstjórnamaður kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en útgerðarinnar, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er skipstjórnamaður verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.

11.1.4 Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur.

11.1.5 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.

11.1.6 Trygging þessi skerðir ekki rétt skipstjórnamanns til greiðslu úr lífeyrissjóði.

11.1.7 Tryggingarfé samkvæmt þessum lið skal koma til frádráttar slysa eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

11.2 Líftrygging

- 11.2.1 Útgerð líftryggir hvern lögskráðan mann sem starfar samkvæmt samningi þessum. Líftryggingafjárhæðin skal vera kr. 2.120.774,- (pr. 01.01.2001) og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a.-lið 1. töluliðs 2. málsgreinar 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki, ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 11.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með „maka” er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- 11.2.3 Fyrrgreind fjárhæð lækkar þó um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- 11.2.4 Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftrygginga-félaganna fyrir hóplíftryggingar.
- 11.2.5 Tryggingin gildir frá þeim degi að maður er lögskráður í skipsrúm og til og með þess dags, sem hann er afskráður.

11.3 Eignamissir

- 11.3.1 Missi skipstjóri eignir sínar, þær er hann hefur meðferðis á skipi sínu, af völdum sjóslyss eða eldsvoða, greiðir félagið honum skaðabætur skv. gildandi reglugerð samgönguráðuneytisins.
- 11.3.2 Skemmist hluti eigna hans af þessum sökum, greiðast hlutfallslegar skaðabætur eftir mati tveggja óvilhallra manna, náist ekki samkomulag um bætur.

12. FYRIRTÆKJAÞÁTTUR

12.1 Markmið

- 12.1.1 Markmið fyrirtækjaþáttar kjarasamnings þessa er að efla samstarf skipstjórnarmanna og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum skipstjórnarmanna með aukinni framleiðni.
- 12.1.2 Markmiðið er að þróa kjarasamning þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings.

12.2 Viðræðuheimild

- 12.2.1 Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra skipstjórnarmanna viðkomandi útgerðar/skips sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga fyrir hvorn hóp fyrir sig, sé um það samkomulag.
- 12.2.2 Viðræður um fyrirtækjapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.
- 12.2.3 Heimilt er báðum aðilum, skipstjórnarmönnum og útgerð, að leita ráðgjafar hjá SA og FS. Þeir geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til aðstoðar við samningsgerð. Náist ekki samkomulag um fyrirtækjapátt innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

12.3 Fulltrúar skipstjórnarmanna – forsvar í viðræðum

- 12.3.1 Skipstjórnarmenn geta valið fulltrúa úr sínum hóp eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarmenn útgerðar skipsins.
- 12.3.2 Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Ennfremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

12.4 Upplýsingamiðlun

- 12.4.1 Við undirbúning fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur útgerðar upplýsa fulltrúa skipstjórnarmanna um framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.
- 12.4.2 Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar skipstjórnarmanna upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri einu sinni til tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

12.5 Heimil frávik

- 12.5.1 Heimilt er með samkomulagi útgerðar og skipstjórnarmanna að aðlaga ákvæði samningsins að þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald skipstjórnarmanna.

12.6 Endurgjald skipstjórnarmanna

- 12.6.1 Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlut skipstjórnarmanna vegna þeirra breytinga.
- 12.6.2 Hluttur skipstjórnarmanna getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvareandi skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða

ársfjórðungi, hæfnisálagi, hlutfallslegu álagi á laun, fastri krónutölu á tíma-kaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst svo og greiðsla til skipstjórnarmanna. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. gr. 12.7.2.

12.7 Gildistaka, gildissvið og gildistími

12.7.1 Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd skipstjórnarmanna stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. Heimilt er samninganefnd skipstjórnarmanna að óska eftir álit FS á því að umsamin frávik og greiðslur fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

12.7.2 Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild skipstjórnarmanna í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi skipstjórnarmanna í samskonar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi útgerð upp fyrirtækjapátti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

12.8 Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör

12.8.1 Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi skipstjórnarmenn hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd FS áður en til atkvæðagreiðslu kom.

12.8.2 Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá skipstjórnarmenn sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

12.9 Meðferð ágreinings

12.9.1 Komi upp ágreiningur um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er skipstjórnarmönnum heimilt að leita aðstoðar FS eða fela því málið til úrlausnar.

12.9.2 Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. gr. 12.7.2. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

13. SAMNINGSFORSENDUR

Markmið aðila með samningi þessum er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði, sem hvort tveggja er grundvöllur uppbyggingar og fjölgunar starfa. Í samræmi við þessi markmið hvílir samningur þessi á eftirfarandi forsendum:

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðbólgu­markmið Seðlabanka Íslands.
2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkanir sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem sett verður á fót til að stuðla að framgangi markmiða samningsins og festa forsendur hans í sessi.

Forsendunefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af ASÍ og tveimur af SA og skal hún taka þegar til starfa. Verkefni hennar er að meta hvort ofangreindar forsendur standist og markmið náist. Nefndin skal jafnframt leita eftir samstarfi við stjórnvöld um það að fylgjast með þróun sem ógnað geti forsendum samningsins og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð þar sem við á.

Nefndin skal taka samningsforsendurnar til sérstakrar skoðunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávík hafi orðið frá annarri eða báðum ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst. Ef samkomulag næst í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldi gildi sínu, að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar. Ef ekki næst samkomulag um viðbrögð er samningurinn uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila. Uppsögn skal ákveða fyrir 10. desember og telst samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.

Nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reykjavík, 11. maí 2004.

F.h. Félags skipstjórnarmanna

F.h. Samtaka atvinnulífsins

**FORSENDUR ÚTREIKNING MÁNAÐARLAUNA SKV.
FASTLAUNASAMNINGI skv. gr. 4.**

Útreikningur fastra mánaðarlauna skipstjóra í millilandasiglingum (A)					
	Forsendur				
	Orlof: 30 dagar. 13,04%				
	Vinnuskylda 219 dagar á ári				
	Tveir stýrimenn.				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				307.054
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	14.170	137.445
3	Bakv.I		0	0	0
4	Bakvakt II		0	0	0
5	Stórh. álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
7	Orlof		13,04%		58.256
8	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
10	Landgöngufé skipstjóra		1	12.588	12.588
		Samtals pr. sigldan mánuð			518.688
		Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)			17.290
		Árslaun m.v. 219 daga á ári			3.786.420
		Fæðispeningar orlofi í 34 daga	34	548	18.632
		Heildar árslaun			3.805.052
		Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði			317.088

Útreikningur fastra mánaðarlauna skipstjóra í millilandasiglingum (B)					
	Forsendur				
	Orlof: 30 dagar. 13,04%				
	Vinnuskylda 219 dagar á ári				
	Einn stýrimaður + 12 klst vakt skipstjóra				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				386.475
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	17.835	172.995
3	Bakv.I		0	0	0
4	Bakvakt II		0	0	0
5	Stórh. álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
7	Orlof		13,04%		73.248
8	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
10	Landgöngufé skipstjóra		1	12.588	12.588
		Samtals pr. sigldan mánuð			648.652
		Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)			21.622
		Árslaun m.v. 219 daga á ári			4.735.157
		Fæðispeningar orlofi í 34 daga	34	548	18.632
		Heildar árslaun			4.753.789
		Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði			396.149

Útreikningur fastra mánaðarlauna skipstjóra í millilandasiglingum (C)					
Forsendur					
Orlof: 30 dagar. 13,04%					
Vinnuskylda 219 dagar á ári					
Tveir stýrimenn + 4 klst vakt skipstjóra					
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				333.347
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	15.383	149.214
3	Bakv.I		0	0	0
4	Bakvakt II		0	0	0
5	Stórh. álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
7	Orlof		13,04%		63.219
8	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
10	Landgöngufé skipstjóra		1	12.588	12.588
	Samtals pr. sigldan mánuð				561.713
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				18.724
	Árslaun m.v. 219 daga á ári				4.100.503
	Fæðispeningar orlofi í 34 daga	34	548		18.632
	Heildar árslaun				4.119.135
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				343.261

Útreikningur fastra mánaðarlauna yfirstýrimanns í millilandasiglingum (10,17%)					
Forsendur					
Orlof: 24 dagar. 10,17%					
Vinnuskylda 225 dagar á ári					
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				148.623
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	6.858	66.527
3	Yfirvinna A		120	1.543	185.214
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	214	9.646
5	Bakvakt II		0	0	0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
9	Orlof		10,17%		41.927
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
	Samtals pr. Sigldan mánuð				455.283
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				15.176
	Árslaun m.v. 225 daga á ári				3.414.625
	Fæðispeningar orlofi	27	548		14.796
	Heildar árslaun				3.429.421
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				285.785

Útreikningur fastra mánaðarlauna yfirstýrimanns í millilandasiglingum (11,59%)					
	Forsendur				
	Orlof: 27 dagar. 11,59%				
	Vinnuskylda 222 dagar á ári				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				148.623
2	Frídagar	9,7	6.858		66.527
3	Yfirvinna A	120	1.543		185.214
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	214	9.646
5	Bakvakt II	0	0		0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
9	Orlof	11,59%			47.781
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
	Samtals pr. Sigldan mánuð				461.137
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				15.371
	Árslaun m.v. 222 daga á ári				3.458.531
	Fæðispeningar orlofi	31	548		16.988
	Heildar árslaun				3.475.519
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				289.627

Útreikningur fastra mánaðarlauna yfirstýrimanns í millilandasiglingum (13,04%)					
	Forsendur				
	Orlof: 30 dagar. 13,04%				
	Vinnuskylda 219 dagar á ári				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				148.623
2	Frídagar	9,7	6.858		66.527
3	Yfirvinna A	120	1.543		185.214
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	214	9.646
5	Bakvakt II	0	0		0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
9	Orlof	13,04%			53.759
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
	Samtals pr. Sigldan mánuð				467.115
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				15.571
	Árslaun m.v. 219 daga á ári				3.503.364
	Fæðispeningar orlofi	34	548		18.632
	Heildar árslaun				3.521.996
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				293.500

Útreikningur fastra mánaðarlauna 2.stýrimanns í millilandasiglingum (10,17%)					
	Forsendur				
	Orlof: 24 dagar. 10,17%				
	Vinnuskylda 225 dagar á ári				
	Tveir stýrimenn.				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				132.329
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	6.107	59.233
3	Yfirvinna A		120	1.374	164.908
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	191	8.589
5	Bakvakt II		0	0	0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	60,00%	3.748	2.249
9	Orlof		0,1017		37.355
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
	Samtals pr. Sigldan mánuð				405.759
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				13.525
	Árslaun m.v. 225 daga á ári				3.043.194
	Fæðispeningar orlofi	27	548		14.796
	Heildar árslaun				3.057.990
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				254.832

Útreikningur fastra mánaðarlauna 2.stýrimanns í millilandasiglingum (11,59%)					
	Forsendur				
	Orlof: 27 dagar. 11,59%				
	Vinnuskylda 222 dagar á ári				
	Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals	
1	Mánaðarlaun				132.329
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	6.107	59.233
3	Yfirvinna A		120	1.374	164.908
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	191	8.589
5	Bakvakt II		0	0	0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
9	Orlof		11,59%		42.571
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
	Samtals pr. Sigldan mánuð				410.975
	Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)				13.699
	Árslaun m.v. 222 daga á ári				3.082.312
	Fæðispeningar orlofi	31	548		16.988
	Heildar árslaun				3.099.300
	Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði				258.275

Útreikningur fastra mánaðarlauna 2.stýrimanns í millilandasiglingum (13,04%)					
	Forsendur				
	Orlof: 30 dagar. 13,04%				
	Vinnuskylda 219 dagar á ári				
		Skýring	Fjöldi	Eining	Samtals
1	Mánaðarlaun				132.329
2	Frídagar	Frídagar í mánuði	9,7	6.107	59.233
3	Yfirvinna A		120	1.374	164.908
4	Bakv. I	3 vaktir (15 klst. hver vakt)	45	191	8.589
5	Bakvakt II		0	0	0
6	Stórh. Álag	0,6 stórhátíðir í mánuði	0,6	3.748	2.249
9	Orlof		13,04%		47.897
10	Fæðispeningar	2 dagar í mánuði	2	548	1.096
		Samtals pr. Sigldan mánuð			416.301
		Laun pr. dag í sigldum mánuði (1/30)			13.877
		Árslaun m.v. 219 daga á ári			3.122.257
		Fæðispeningar orlofi	34	548	18.632
		Heildar árslaun			3.140.889
		Jafnaðarlaun á mánuði í 12 mánuði			261.741

BÓKANIR OG YFIRLÝSINGAR

I. Laun skipstjóra

Að öllu jöfnu sé skipstjórinn launahæsti maður á skipinu.

II. Framkvæmd fastlaunakerfa

Samningsaðilar tilnefna hvor um sig 2 fulltrúa í samstarfsnefnd sem fjalli um þau ágreiningsmál sem rísa kunna vegna framkvæmdar fastlaunakerfa. Nefndin skal eins og kostur er leita leiða til þess að jafna ágreining sem upp kann að koma hverju sinni.

Yfirlýsing um breytingu á eingreiðslu dánabóta í slysatryggingu skipstjóra og stýrimanna.

Reykjavík, 14. maí 1997.

Neðangreindar kaupskipaútgerðir lýsa því yfir að þær muni kaupa viðbótartryggingu til hækkunar á eingreiðslu dánarbóta slysatryggingar farmanna samkvæmt a. og b. lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þegar um er að ræða eftirlifandi maka og börn. Samtala eingreiðslu dánabóta slysatryggingarinnar skv. 172. gr. siglingalaga og viðbótartryggingu skv. þessari yfirlýsingu hækki í 3.000.000 frá 1. júní 1997 að því tilskildu að kjarasamningur milli FFSÍ og kaupskipaútgerða sem undirritaður er 14. maí verði samþykktur. Viðbótartrygging fylgi sömu verðlagsbreytingu og dánarbætur slysatryggingarinnar skv. 172. gr.

Kaupskipaúrgerðirnar munu leita tilboða í hækkun örorkubótaþáttar slysatryggingar farmanna og bjóða farmönnum slíkar tryggingar og greiða iðgjöld vegna þeirra enda, lækki aðrar greiðslur til farmanna samsvarandi. Skipa skal nefnd tveggja fulltrúa frá hvorum aðila til að undirbúa slíka tilboðsöflun og ákveða hvernig að framkvæmdinni skal staðið að öðru leyti. Því er jafnframt lýst yfir að hálfu útgerðanna að fari kostnaður við að breyta aukahækkun örorkubóta slysatryggingar, sbr. gr. 15.1.8. úr 20% í 50%, yfir kr. 5.000 á ári þá muni útgerðirnar greiða það sem umfram er.

Bókun

30. júní 1995.

Undirritaðir aðilar kjarasamninga milli aðildarfélaganna FFSÍ og VSFÍ annars vegar og VSÍ/VMS hins vegar eru sammála um að hvarvetna þar sem félagsmenn framangreindra farmannafélaga eru ráðnir hjá íslensku skipafélögum, skv. kjarasamningi aðilanna, skuli túlkun samninganna varðandi launakjör hlíta íslenskum rétti og deilumál þar að lútandi útkljást af íslenskum dómstólum.

Yfirlýsing

Reykjavík, 12. ágúst 1982

Neðangreindar útgerðir, sem að samningi þessum standa, lýsa því yfir að fastráðnum skipstjórnarmönnum, sem starfað hafa sem slíkir hjá útgerðunum í tvö ár eða lengur, mun verða heimilt, þegar því verður við komið, að hafa maka sína með sér sem farþega í íbúðarherbergi sínu án endurgjalds í allt að 30 daga, annað hvert ár. Þegar fastráðnir skipstjórnarmenn hafa starfað sem slíkir hjá útgerðunum í 5 ár eða lengur, er þó heimilt að hafa maka sína með sér sem farþega í íbúðarherbergi sínu án endurgjalds í allt að 30 daga á ári. Heimild þessi nær ekki til annarra vandamanna.

Undirritaðar útgerðir munu leitast við að veita fastráðnum skipstjórnarmönnum, sem þess óska og starfað hafa sem slíkir hjá útgerðinni í 10 ár eða lengur, leyfi án launa í allt að einu ári, enda gildi almennar reglur um uppsagnarfrest einnig í leyfistímanum.

Undirritaðar útgerðir lýsa því yfir að þær muni aðstoða þá fastráðnu skipstjórnarmenn sína, sem eiga við áfengisvandamál að stríða við að komast í meðferð og gefa þeim kost á leyfi á meðan þeir dvelja á meðferðarstofnun af þessum ástæðum.